# Menntamál, menning, almannavarnir og löggæsla

## Ályktun Haustþings 2026
## Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

**Varmalandi**

**15. október 2026**

# Leik- og grunnskólar

- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að tryggja börnum af erlendum uppruna viðeigandi íslenskukennslu, með nægilegum kennslustundafjölda og námsumhverfi sem tekur mið af ólíkum þörfum þeirra og forsendum til náms.**

Á Vesturlandi hefur fjöldi barna af erlendum uppruna tvöfaldast á árunum frá 2010–2025. Til að tryggja öllum jöfn tækifæri til menntunar þurfa sveitarfélögin aukið fjármagn til að sinna þessum hóp, meðal annars til íslenskukennslu, móðurmálskennslu og sértæks stuðnings.

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja fjármagn til reksturs öflugrar stoðþjónustu við leik- og grunnskóla, í samræmi við lög um miðstöð menntunar og skólaþjónustu. Tryggt verði sérstaklega að ákvæðum farsældarlaganna verði framfylgt í skólastarfi með fjármagni.**

Grunnskólar á Vesturlandi standa frammi fyrir fjölbreyttum þörfum nemenda. Til að uppfylla lagaskyldur og vilja sveitarfélaga til að veita börnum og fjölskyldum faglega og góða þjónustu, þarf að vera til staðar sanngjarnt fjármagn frá ríkinu til að sinna stoðþjónustu á landsbyggðinni.

# Framhalds- og háskólar

- **Haustþing SSV leggur þunga áherslu á áframhaldandi sjálfstæði allra framhaldsskólanna varðandi stjórnun og sérhæfingu í skólanámsskrá hvers skóla og að skólarnir haldi nafni sínu og fái tækifæri til að efla sína sérstöðu áfram.**

Framhaldsskólarnir á Vesturlandi eru mjög mikilvægir hverju byggðalagi. Ef einhverjar breytingar verða gerðar á stjórnskipan framhaldsskóla, mega þær ekki veikja starfsemi skólanna né faglegt sjálfstæði þeirra á nokkurn hátt. Mikilvægt er að yfirvöld tryggi að skólameistari hvers skóla hafi áfram skýra stöðu sem forstöðumaður, með ábyrgð á eignum, fjárreiðum og daglegum rekstri skólans. Jafnframt þarf stjórn og fagleg forysta hvers skóla að halda áfram utan um stefnumótun og stjórnun, þannig að skólunum verði hvorki fjarstýrt af miðlægri stjórnsýslueiningu né starfsemi þeirra samræmd eða stöðluð á þann hátt að það skerði sérhæfingu, sérstöðu eða sjálfstæði skólanna. Því verður að tryggja að allir skólarnir geti áfram haldið úti öflugri starfsemi undir sínu nafni og ímynd, með áherslu á þá sérstöðu í námsvali og starfsháttum sem hver skóli hefur byggt upp og vill standa fyrir.

- **Haustþing SSV fagnar aukinni ásókn í iðnnám og hvetur ríkið til að tryggja áframhaldandi og aukið fjármagn til verkmenntaskóla til að mæta vaxandi**

**eftirspurn. Sérstök áhersla verði lögð á að fjölga menntuðum kennurum, bæta námsaðstöðu og tækjabúnað í takt við tækniframfarir, meðal annars á sviði gervigreindar, og efla tækifæri til starfs- og iðnmenntunar á landsbyggðinni.**

Ljóst er að mikil sóknarfæri eru fyrir hendi er varðar iðn- og verknám á Veturlandi.

Á Vesturlandi er Fjölbrautaskóli Vesturlands (FVA) kjarnastofnun í iðnnámi bæði fyrir ungt fólk og í fullorðinsfræðslu. Þar er boðið upp á fjölbreyttar námsbrautir sem skipta atvinnulífið miklu máli. Mikil þörf er á verulegum endurbótum á tækjum og aðstöðu til iðnnáms við skólann svo hægt sé að mæta vaxandi aðsókn og þörfum atvinnulífsins um fagmenntað starfsfólk með þekkingu á starfsháttum og tækni nútímans.

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja áframhaldandi stuðning við háskóla á Vesturlandi, þannig að hver stofnun geti áfram haldið úti sinni starfsemi og byggt á sérstöðu og sjálfstæði hvers skóla.**

Háskólar á Vesturlandi gegna lykilhlutverki fyrir svæðið og samfélagið í heild. Þeir efla menntun, rannsóknir og fræðslu, styðja við nýsköpun og atvinnulíf, og skapa mikilvægan grundvöll fyrir jákvæða byggðaþróun og þekkingarsköpun um allt land. Mikilvægt er að háskólastarf á svæðinu sé rekið sem öflug mennta- og rannsóknastarfsemi sem styður við samfélög og eykur þekkingu, færni og tækifæri fólks til náms og starfa.

- **Haustþing SSV fagnar nýju dýralæknanámi við Landbúnaðarháskóla Íslands og hvetur stjórnvöld til að styrkja enn frekar stoðir skólans með tryggri fjármögnun, öflugum innviðum og áframhaldandi þróun náms og rannsókna. Þingið leggur áherslu á mikilvægi skólans sem miðstöðvar menntunar, rannsókna og nýsköpunar í landbúnaði á landsvísu.**

Með samningnum er ætlunin að samræma skólastarf, rannsóknarstarf og ráðgjöf við stefnu stjórnvalda um sjálfbæran landbúnað, loftslagsaðgerðir og matvælaframleiðslu. Samningurinn felur í sér rannsóknir, þróun, ráðgjöf og verkefni á sviði sjálfbærrar matvælaframleiðslu, loftslagsmála og nýsköpunar. Þetta er mikilvægt skref fyrir háskólastarf á Vesturlandi þar sem Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri gegnir lykilhlutverki í menntun, rannsóknum og ráðgjöf til stuðnings við sjálfbæra þróun landbúnaðar á Íslandi.

- **Haustþing SSV ítrekar kröfu sína um jafnt aðgengi landsmanna að háskólanámi, óháð búsetu. Þingið lýsir þungum áhyggjum af því að takmarkað framboð bóklegra námsleiða í fjarnámi skerði enn námsmöguleika íbúa landsbyggðarinnar og stuðli að ójöfnuði til náms. Haustþing skorar á ríkið að sýna frumkvæði og tryggja fjármagn til markvissrar uppbyggingar fjarnáms við íslenska háskóla, með það að markmiði að bóklegar námsleiðir standi nemendum til boða óháð búsetu.**

Það er brýnt að Háskóli Íslands bjóði upp á fjarnám í öllum námslínunum til að rækja hlutverk sitt sem háskóli allra landsmanna. Vaxandi þörf á starfsfólki með sérhæfingu í sveitarfélögum og stofnunum undirstrikar enn frekar mikilvægi þess að háskólar sinni landsbyggðinni markvisst. Aðgengi að fjarnámi er lykilatriði til að tryggja að fólk geti lokið námi án búferlaflutninga og þannig eflt sérþekkingu og skapað kost á fagþjónustu um allt land. Dæmi eru um að skortur á fjarnámi í sumum fögum hindri fólk á landsbyggðinni í að ljúka starfsréttindum og geti því ekki nýtt menntun sína í heimabyggð.

Samkvæmt Hagstofu Íslands var hlutfall fólks í háskólanámi árið 2025 um 18,9% á höfuðborgarsvæðinu en 12,6% utan þess. Þessar tölur eru vísbending um mismunum vegna búsetu til háskólanáms á Íslandi.

- **Haustþing SSV ítrekar áskorun sína til ríkisvaldsins um að tryggja fjármögnun og innleiðingu ívilnana við endurgreiðslu námslána fyrir háskólamenntað fólk sem velur að starfa á landsbyggðinni. Haustþingið leggur áherslu á að úrræðið nái ekki eingöngu til heilbrigðisstarfsfólks, heldur einnig til dæmis sérfræðinga á sviði menntunar, félagsþjónustu og velferðarmála.**

Í lögum um Menntasjóð námsmanna er heimild til ívilnana sem felur í sér að hluti námslána geti fallið niður fyrir háskólamenntað fólk sem velur að starfa á landsbyggðinni. Með útfærslu, fjármögnun og innleiðingu þessara heimilda má skapa hvata sem styrkir tengsl menntunar og atvinnulífs, stuðlar að því að sérhæfð þekking sé aðgengileg og eykur jafnræði í þjónustu um allt land. Fyrir Vesturland er þetta lykilatriði til að styðja við mönnun fólks með sérmenntun í grunnþjónustu og laða að ungt menntað fólk.

Í nýlegu svari ráðherra á Alþingi kemur fram að ekki er enn búið að fjármagna ívilnanirnar, sem hafa eingöngu verið hugsaðar fyrir heilbriðgisstarfsfólk, þó svo að lögin takmarki ívilnanirnar ekki eingöngu við þá starfstétt.

- **Haustþing SSV ítrekar mikilvægi þess að ríkið tryggi skilvirkt, gagnsætt og aðgengilegt ferli við mat á menntun og viðurkenningu starfsréttinda, hvort sem menntunar hefur verið aflað hérlendis eða erlendis. Þingið skorar á stjórnvöld að ryðja úr vegi óþarfa hindrunum og tryggja að einstaklingar geti nýtt menntun sína og starfsreynslu á íslenskum vinnumarkaði, samfélaginu öllu til hagsbóta.**

Víða um land er mikill mannauður, menntun og sérþekking sem nýtist ekki sem skyldi þrátt fyrir skýra þörf fyrir menntað fólk í samfélaginu, vegna þess að ekki eru aðgengilegir og skilvirkir ferlar í stjórnkerfinu til að meta menntun fólks að verðleikum. Með því að koma á aðgengilegu, einföldu og öruggu matskerfi með skilvirkum vinnuferlum sem tryggja skjótan og vandaðan farveg fyrir mat á öllu viðurkenndu námi má virkja þessa þekkingu og meta hana til viðurkenndra starfsréttinda til hagsbóta fyrir allt samfélagið.

- **Haustþing Samtak sveitarfélaga á Vesturlandi skora á stjórnvöld að standa vörð um, styðja og viðurkenna mikilvægi framhaldsfræðslu og símenntunar sem lykilþáttar í menntakerfi, byggðaþróun og samfélagslegri velferð.**

Framhaldsfræðsla gegnir mikilvægu hlutverki við að tryggja fólki á öllum aldri aðgang að námi, ráðgjöf og tækifærum til starfsþróunar. Hún styður einstaklinga við að efla færni sína, bæta stöðu sína á vinnumarkaði og takast á við samfélagslegar og tæknilegar breytingar. Jafnframt stuðlar hún að aukinni virkni, inngildingu og bættum lífsgæðum.

Þjónusta símenntunarmiðstöðva er sérstaklega mikilvæg á landsbyggðinni. Þar tryggja þær aðgengi að námi og náms- og starfsráðgjöf óháð búsetu, aldri, menntun eða félagslegri stöðu. Þær vinna náið með sveitarfélögum, atvinnulífi og öðrum hagaðilum og geta brugðist hratt við ólíkum þörfum einstaklinga og samfélaga.

- **Haustþing SSV leggur ríka áherslu á mikilvægi þess að almenningssamgöngur tryggi að nemendur hafi raunhæfan kost á að sækja framhalds- og háskólanám óháð búsetu, jafnframt því sem almenningssamgöngur mæti þörfum atvinnulífsins, starfsfólks og ferðamanna.**

Vesturland er víðfeðmt og margir nemendur þurfa að sækja skóla langt frá heimili sínu. Góðar almenningssamgöngur er ein forsenda þess að ungt fólk geti nýtt sér menntunarmöguleika í heimabyggð og haldið áfram námi án þess að flytja burt. Þjónusta Strætó hefur þó verið misjöfn eftir svæðum, til dæmis er Fjölbrautaskóli Snæfellinga (FSN) eini framhaldsskólinn á landinu sem þarf að halda úti skólabílaakstri vegna skorts á fullnægjandi almenningssamgöngum. Með samstilltu átaki þarf að tryggja að almenningssamgöngur styðji við alla skólana á Vesturlandi og að jafnt aðgengi að námi sé tryggt fyrir alla.

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja öllum sveitarfélögum jafnan aðgang að niðurstöðum og tölfræðilegri úrvinnslu samræmdra námskannana, þar á meðal PISA, óháð stærð og staðsetningu sveitarfélaga. Óásættanlegt er að minni sveitarfélög standi höllum fæti gagnvart þeim fjölmennari þegar kemur að upplýsingum sem eru grundvöllur faglegs mats, gæðastjórnunar og umbóta í skólastarfi.**

Í erindi Borgarbyggðar til SSV, dags. 9. október 2026, er bent á verulegt ójafnræði í aðgengi s veitarfélaga að niðurstöðum PISA 2025. Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur birt sérstaka greiningu fyrir sjö fjölmennustu sveitarfélög landsins, á meðan minni sveitarfélögum er vísað á almenn gögn OECD án sambærilegrar úrvinnslu. Slíkt fyrirkomulag torveldar sveitarfélögum á landsbyggðinni að sinna lögbundnu hlutverki sínu við mat og umbætur í skólastarfi. Mikilvægt er að ríkið tryggi öllum sveitarfélögum sambærilega greiningarþjónustu og aðgang að áreiðanlegum upplýsingum, að teknu tilliti til tölfræðilegra takmarkana. Jafnt aðgengi að menntatölfræði er grundvallarforsenda upplýstrar ákvarðanatöku, markvissrar skólaþróunar og jafnræðis í menntamálum.

# Menningarmál

- **Haustþing SSV ítrekar áskorun sína um jafnræði við úthlutun opinberra menningarstyrkja, þar á meðal listamannalauna, og leggur til að landfræðilegt jafnræði verði tryggt með sambærilegum hætti og jöfnun kynjahlutfalla.**

Þegar skoðaðar eru úthlutanir á opinberum styrkveitingum sést verulegur halli milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar t.d. í úthlutunum listamannalauna og annarra menningarstyrkja. Með auknu jafnræði í úthlutunum styrkja skapast hvati fyrir listafólk að búa og starfa á landsbyggðinni.

Samkvæmt tölfræði Rannís um listamannalaun 2026 störfuðu 75% styrkþega á höfuðborgarsvæðinu en aðeins 13% á landsbyggðinni. Hlutfall umsókna af landsbyggðinni var sambærilegt, sem undirstrikar þörfina fyrir að efla starfsumhverfi fagfólks í listum, styrkja menningarlega innviði og fjölga tækifærum til atvinnusköpunar utan höfuðborgarsvæðisins. Jafnframt er mikilvægt að tryggja landfræðilegt jafnræði við úthlutun opinberra menningarstyrkja og stuðla þannig að jöfnum tækifærum listafólks óháð búsetu.

Til samanburðar má nefna að hlutfall samþykktra umsókna listamannalauna erlendis var 12%.

- **Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að standa vörð um menningarhluta sóknaráætlana landshlutanna og tryggja áframhaldandi og öfluga fjármögnun hans.**

Sóknaráætlanir hafa í gegnum Uppbyggingarsjóði og áhersluverkefni reynst mikilvægur vettvangur til að efla listsköpun, menningarstarf og fjölbreytt menningarframboð í heimabyggðum. Öflugt menningarlíf er ein af grunnstoðum blómlegrar byggðaþróunar og eykur lífsgæði og aðdráttarafl samfélaga um land allt.

- **Haustþing SSV ítrekar kröfu sína um að ríkið tryggi fjármagn til uppbyggingar menningarhúsa á Vesturlandi, til jafns við aðra landshluta. Óásættanlegt er að Vesturland sitji eftir í uppbyggingu menningarinnviða sem eru grundvallarþáttur í öflugu menningarlífi og jákvæðri byggðaþróun.**

Víða um land hafa verið byggð upp menningarhús í samstarfi við ríkið en Vesturland hefur setið eftir hvað það varðar. Vesturland er eini landshlutinn sem hefur ekki skilgreint menningarhús, því er mikilvægt að slíkt hús verði byggt í landshlutanum hið fyrsta. Menningarhús myndi styrkja menningarstarf, auka aðgengi íbúa að listum og menningu, og verða mikilvægt afl til að efla menningarlíf og samfélag og styðja við atvinnu- og byggðaþróun svæðisins.

Í skýrslunni *Menningarhús í landsbyggðunum*, sem unnin var samkvæmt aðgerð B9 í byggðaáætlun, er lögð áhersla á mikilvægi menningarhúsa sem grunninnviða í menningarlífi og byggðaþróun. Á Vesturlandi er öflugt og fjölbreytt menningarstarf, en landshlutinn hefur setið eftir í markvissri uppbyggingu menningarinnviða með stuðningi ríkisins. Í skýrslunni er lagt til að í hverjum landshluta starfi að minnsta kosti ein fagleg menningarmiðstöð sem þjónar svæðinu í heild. Slík uppbygging myndi efla listsköpun, atvinnu í skapandi greinum og aðgengi íbúa að menningu. Mikilvægt er að ríkið axli ábyrgð á uppbyggingu og tryggi rekstrargrundvöll í samstarfi við sveitarfélögin.

- **Haustþing SSV leggur áherslu á að komið verði á fót varðveislusetri safna á Vesturlandi, í samstarfi við ríkisvaldið. Setrið myndi hýsa varaeintakasafn Landsbókasafns Íslands og muni úr safnaeign annarra safna og höfuðsafna.**

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að styðja við uppbyggingu og rekstur safna í opinberri eigu. Jafnframt að eflt verði rekstrarumhverfi einkarekinna safna, sýninga og setra á Vesturlandi, sem oft eru kostnaðarsöm í rekstri en hafa ríka þýðingu fyrir sérstöðu, ímynd og aðdráttarafl svæðisins.**

Með öflugum stuðningi við söfn, sýningar og setur má styrkja menningu og sjálfsmynd svæðisins, laða að ferðafólk og efla aðra þjónustu. Þessi starfsemi er mikilvæg sem menningar- og ferðainnviðir sem bæta lífsgæði íbúa og auka aðdráttarafl svæðisins.

Í dag er varaeintakasafn Landsbókasafns Íslands varðveitt í Reykholti í Borgarfirði, en þar er aðstaðan orðin of lítil fyrir þá starfsemi auk þess sem húsnæðið samræmist ekki kröfum er varðar varðveislu menningararfs. Með byggingu á nýju sameiginlegu varðveislusetri sem geymir bæði skjalasafn, muni og menningarminjar, má tryggja örugga og viðeigandi geymslu safnaeigna, nýta betur samvinnu safna og skapa á sama tíma nýja menningarinnviði sem styrkja Vesturland.

## Löggæsla og Sýslumannsembættið

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að standa vörð um störf, verkefni og starfsstöðvar sýslumanns Íslands á Vesturlandi og tryggja óskerta þjónustu við íbúa. Jafnframt verði unnið að fjölgun opinberra starfa á starfsstöðvum embættisins, meðal annars með nýjum verkefnum og störfum án staðsetningar.**

Með lögum nr. 9/2026 um sýslumann, sem taka gildi 1. janúar 2027, verða sýslumannsembætti landsins sameinuð í eitt embætti. Mikilvægt er að breytingarnar leiði ekki til samþjöppunar verkefna og starfa heldur styrki núverandi starfsstöðvar á Vesturlandi. Í lögunum er lögð sérstök áhersla á að standa vörð um starfsemi á landsbyggðinni, fjölga þar störfum og tryggja jafnt aðgengi að opinberri þjónustu. Sameiningin skapar tækifæri til að flytja verkefni sem ekki eru háð staðsetningu til starfsstöðva á Vesturlandi, nýta fyrirliggjandi innviði og mannauð og efla þannig byggðafestu og þjónustu við íbúa.

- **Haustþing SSV skorar á Alþingi og dómsmálaráðuneytið að fullfjármagna rekstur deildar um úrvinnslu gagna úr löggæslumyndavélum sem lögreglan á Vesturlandi hefur annast í um 15 ár.**

Verkefnið hefur alla tíð verið vanfjármagnað, þrátt fyrir að skila ríkinu verulegum tekjum. Þar sem nú er í umræðunni að fjölga myndavélum er brýnt að tryggja fjármögnun á þessu mikilvæga verkefni.

- **Haustþing SSV lýsir þungum áhyggjum af fyrirhuguðum áformum um sameiningu lögregluumdæma og mögulegum áhrifum þeirra á löggæslu og þjónustu við íbúa Vesturlands. Haustþingið skorar á stjórnvöld að tryggja víðtækt samráð við sveitarfélög og hagaðila áður en ákvarðanir verða teknar og standa vörð um þann árangur sem náðst hefur í uppbyggingu löggæslu á Vesturlandi.**

Frá sameiningu lögregluembætta á Vesturlandi í eitt embætti árið 2015 hefur náðst að efla löggæslu, bæta búnað og ná fram hagræðingu í rekstri lögreglunnar. Stjórn SSV óttast því að með fyrirhuguðum breytingum á skipulagi lögregluumdæma sé verið að taka allt of stórt skref í fækkun embætta og muni þessi breyting draga úr þjónustu við íbúa og þeim framförum sem náðst hafa.

## Almannavarnir

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja fjármagn til aukinna rannsókna og vöktunar á eldstöðvakerfum á Vesturlandi og stuðla að auknu samráði og samstarfi viðbragðsaðila.**

- **Haustþing SSV skorar á ríkisvaldið að tryggja jafnt aðgengi að öflugum og öruggum fjarskiptum um allt Vesturland. Sérstök áhersla verði lögð á að útrýma gloppum í farsímasambandi, tryggja áreiðanlegar háhraðatengingar og efla rekstraröryggi fjarskiptainnviða. Öflug fjarskipti eru grundvallarforsenda almannaöryggis, atvinnuuppbyggingar og búsetugæða í landshlutanum.**

Á Vesturlandi eru virk eldstöðvakerfi sem mikilvægt er að fylgjast vel með og hafa ávallt uppfært áhættumat og viðbragðsáætlanir. Til að tryggja öryggi íbúa og gesta þarf einnig að hafa öruggt fjarskiptasamband, bæði í byggð og við eldstöðvar. Mikilvægt er að til staðar séu samræmdar viðbragðsáætlanir fyrir allt svæðið, byggðar á samráði sveitarfélaga, lögreglu, björgunarsveita, slökkviliða og heilbrigðisstofnana, og að þær séu innleiddar hjá öllum sem hlut eiga að máli. Með þessum aðgerðum má auka þekkingu, efla samhæfingu, styrkja viðbúnað og tryggja traust samfélagsins á öflugum almannavörnum.

Fjarskiptastofa hefur staðfest að enn séu staðir á landinu þar sem farsímasamband er ótryggt. Þá hefur uppbygging farneta á stofnvegum sætt breytingum og tafist, meðal annars vegna fjármögnunar.

Þetta undirstrikar mikilvægi þess að tryggja samfellda fjarskiptaþjónustu, sérstaklega á þjóðvegum, í dreifbýli og á svæðum þar sem fjarskipti skipta sköpum fyrir neyðarþjónustu. Jafnt aðgengi að öflugum fjarskiptum er jafnframt forsenda fjarvinnu, nýsköpunar og samkeppnishæfni atvinnulífsins. Í fjarskiptastefnu stjórnvalda er sérstaklega lögð áhersla á öryggi, atvinnuuppbyggingu og jákvæða byggðaþróun.

- **Haustþing SSV brýnir á mikilvægi þess að starf almannavarnarfulltrúa verði tryggt á Vesturlandi í samræmi á við aðrar almannavarnarnefndir á landinu.**

Öflugt almannavarnastarf er grundvallarþáttur í öryggi íbúa og viðbúnaði samfélagsins gagnvart náttúruvá, slysum og öðrum alvarlegum áföllum. Samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 82/2008 bera sveitarfélög ábyrgð á starfsemi almannavarnanefnda, meðal annars gerð viðbragðsáætlana og undirbúningi aðgerða.

Vesturland er víðfeðmur landshluti með dreifða byggð, fjölbreytta atvinnustarfsemi og umfangsmikið samgöngukerfi. Því er mikilvægt að tryggja öfluga samhæfingu almannavarna þvert á sveitarfélög og viðbragðsaðila. Almannavarnafulltrúi gegnir lykilhlutverki í þeirri vinnu, meðal annars við áhættumat, viðbragðsáætlanir, fræðslu og samhæfingu aðgerða. Tryggja þarf samfellu í starfinu með skýrri ábyrgð og traustri langtímafjármögnun. Jafnframt er mikilvægt að sambærileg fagleg geta sé tryggð milli landshluta, óháð stærð og fjárhagslegri burðargetu sveitarfélaga.